

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafirði

Neskaupstaður, 11. júní 2024
Tilvísun: 2306029

Efni: Beiðni um umsögn vegna tilraunaleyfis til skelræktar Northlight Seafood ehf. í Öfundarfirði.

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um nýtt tilraunaleyfi frá Northlight Seafood ehf. vegna skeldýraræktar á Bláskel (*Mytilus edulis*) í Öfundarfirði. Sótt er um tímabundið tilraunaleyfi til skeldýraræktar til þess að kanna hvort svæðið hentar til slíkrar ræktunar. Leyfi þetta veitir ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu. Tilraunaleyfi gildir að hámarki til þriggja ára í senn en heimilt er að endurnýja það samkvæmt umsókn leyfishafa um eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í sex ár.

Vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingu óskar Matvælastofnun, í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt, eftir umsögn Sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiahrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 9. júlí 2024 á tölvupóstfangið: mast@mast.is. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllst
f.h. Matvælastofnunar

Andri Snær Þorsteinsson

Andri Snær Þorsteinsson
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

- Fylgiskjal 1: Northlight Seafood ehf.
- Fylgiskjal 2: Yfirlitsmynd